



# Útvarpsstjórinn, bréf Jónas Þorbergssonar til útvarpsráðs og vitnisburður Sigurðar Flateyjarklerks um Jónas Þorbergsson

Bjarni Benediktsson Útvarpsstjórinn, bréf Jónas Þorbergssonar til útvarpsráðs og vitnisburður Sigurðar  
Flateyjarklerks um Jónas Þorbergsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-5, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ÚTVARPSSTJÓRINN

JP/SJ

Reykjavík, 17. okt. 1934

EFTIRRIÐ

Hérmeð leyfi eg mér að senda útvarpsráðinu eintak af  
Reglum um frétt aflutning Ríkisútvarpsins, sem eg hefi fyrir hönd  
fréttastofunnar gefið út í dag.

Í reglunum eru samandregin ákvæði þau, er skapast hafa og  
útvarpsráðið hefir sett um frétt aflutninginn.

Virðingarfylst

*Jónas Þorkelsson*

Til formanns útvarpsráðs.



R E G L U Rum frétttaflutning Ríkisútvarpsins.I. Kafli.1. Almennar reglur.

## 1. gr.

Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neinskonar ádeilum eða hlut-sömum umsögnum um einstakar stjórnmalastefnur, stjórnmalaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, atvinnustofnanir eða einstaka menn.

## 2. gr.

Ekki mega í fréttum útvarpsins felast neinskonar auglýsingar né tilkynningar, aðrar en þær, sem snerta sjálfar fréttirnar.

## 3. gr.

Ekki mega í fréttum útvarpsins felast ádeilur á útvarpið sjálft, enda hvorki lof né last um útvarpsstarfsemina eða einstaka starfsmenn útvarpsins.

## 4. gr.

Við skráningu almennra fréttta Ríkisútvarpsins, skal þess ávalt sérstaklega gætt, að heimildir fyrir hverri fregn séu sem fylstar og að þær séu óbyggjandi og skal heimilda jafnan getið. Ekki mega í fréttum útvarpsins vera tilgátur eða ágiskanir um atburði eða staðreyndir og skal fremur skjóta á frest að greina frá atburðum eða jafnvel frétt falla niður, heldur en að eiga það á hættu, að fregnir verði borðar til baka.

## 5. gr.

Kosta skal kapps um það, að fregnir verði ávalt fluttar svo skjótt, sem framast verður við komið.

2. Stjórnmalafréttir.

## 6. gr.

Fréttir af almennum stjórnmalafundum og þingmalafundum, þar sem fulltrúar allra stjórnmalaflokka þeirra, sem fulltrúa eiga á Alþingi, hafa mætt eða átt kost á að mæta og þar sem allir flokkar hafa átt jafna aðstöðu um ræðutíma, verða því aðeins birtar, að fullnægt sé eftirfarandi skilyrðum:

Að þær séu kurteislega orðaðar.

Að fundarstjóri riti nafn sitt, sem ábyrgðarmaður undir frásögnina. Þó getur fundarstjóri, fundarboðandi, eða að minsta kosti þrír málsmetandi fundarmenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur



Reglur um frétttaflutning Ríkisútvarpsins.

og óska að koma fréttum símleiðis, falið manni úr miðstjórnnum stjórnsmálaflokkanna, að rita nafn sitt undir hana, sem ábyrgðarmaður.

Fréttastofan leitar álits Hagstofu ríkisins um þær tölur, er ágreiningi valda í stjórnsmálaumræðum.

7. gr.

Í frásögnum af almennum stjórnsmálafundum og þingmálafundum mega vera greindar eftirfarandi staðreyndir: Fundarboðandi eða fundarboðendur, fundarstjóri og fundarritari, höfuðatriði fundarskapa, fundarsókn og fundartími, málshefjendur, ræðumenn, umræðuefni, tillögur og ályktanir eða útdráttur tillagna og atkvæðagreiðslur um tillögur.

8. gr.

Leiðréttingar við fundarskýrslur, af almennum stjórnsmálafundum, verða því aðeins teknar til birtingar, að þær séu undirritaðar af að minsta kosti 5 fullveðja mönnum þeim, er fund sátu.

9. gr.

Fréttir af borgarafundum, flokksþingum og fundum stéttfélaga, sem fréttastofunni berast, eru skoðaðar sem heimildir fyrir frétttaflutningi Ríkisútvarpsins sjálfs.

Fréttir eða ályktanir frá fundum stjórnsmálafélaga eru ekki birtar.

10. gr.

Allar stjórnsmálafréttir eru í meðförum fréttastofunnar háðar orðabreytingu og styttingu.

11. gr.

Fréttaritarar útvarpsins, utan Reykjavíkur, senda fréttastofunni engar fréttir af stjórnsmálum. Þó er þeim heimilt að senda sem fréttaskeyti stutturðar skýrslur fundarstjóra samkv. 6. og 7. gr.

3. Vinnudeilur og önnur ágreiningsmál.

12. gr.

Við birtingu fréttta um vinnudeilur og annað það, er veldur viðtökum ágreiningi, skal fylgja þeirri reglu, að bera hverja frétt undir deiluaðilja. Skal þá birt það eitt, er deiluaðiljar verða ásáttir um, að séu staðreyndir í hverju máli.



Reglur um fréttáflutning Ríkisútvarpsins.

13. gr.

Nú geta deiluaðiljar ekki orðið ásáttir um það, hvað birta skuli og er þá heimilt að birta sjálfstæðar skýrslur frá deiluaðiljum, án þess að bera það undir mótaðilja.

14. gr.

Nú telur deiluaðili að í skýrslu mótaðila hafi máli verið hallað og er þá heimilt að taka leiðréttingu eða athugasemd eina frá hvorum deiluaðila.

15. gr.

Við birtingu fregna slíkra, sem umræðir í 12. til 14. gr., skal þess ávalt gætt, að leita óyggjandi heimilda. Þegar um vinnudeilur er að ræða, ber fréttariturum að snúa sér til þeirra manna, sem hafa með höndum forustu í félagssamtökum verkalyðs og atvinnurekenda. Sé um önnur deilumál að ræða, ber að snúa sér til þeirra, sem standa fyrir slíkum deilum.

4. Um lögreglumál og dómsmál.

16. gr.

Um val fréttu út af brotum á lögreglusamþykktum, hegningarlögunum og öðrum lögum svo og róstum og óspektum skal gilda sú regla, að birta það, sem þykir hafa alment fréttagildi eða vera mikilsvarðandi vegna gæslu almennrar reglu og almenns öryggis.

17. gr.

Um heimildir fyrir fréttum slíkum, sem getur í 16. gr., skal ávalt leitað til lögreglustjóra eða umboðsmanna þeirra. Þegar uppþot verða eða óspektir á almannafæri, er heimilt að leita frá-sagna greinargóðra sjónarvotta og styðjast við þær eftir því, sem fært þykir.

18. gr.

Fréttir af slysförum, eldsvoðum og öðru því, er kemur til lögreglurannsóknar, skulu sata samskonar meðferð um heimildir eins og almenn lögreglumál.

19. gr.

Fréttir um slysfarir, skulu ekki fluttar fyr en víst er orðið, að nánustu vandamenn þess eða þeirra, sem fyrir slysum verða, sé kunnugt orðið um atburðinn.



Reglur um fréttáflutning Ríkisútvarpsins.

20. gr.

Málshöfðana, út af lögreglubrotum og í sakamálum, skal getið í fréttum, ef mál þykja mikilsverð eða vekja almenna athygli og umræður. Heimilt er, ef ástæða þykir til, meðan á rannsókn eða rekstri slíkra mála stendur, að birta það, er dómarrar leyfa um atriði málanna.

Heimilt er að geta stuttlega málshöfðana og málsúrslita í undirrétti í minni háttar lögreglu- og sakamálum.

21. gr.

Birta skal undirréttardóma í málum þeim, er getur í 20. gr., annaðhvort í heilu lagi eða ítarlegum útdrætti.

Í lögreglumálum og minniháttar sakamálum, skal það vera á valdi viðkomandi lögreglustjóra, eða umboðsmanna þeirra, hvort nöfn sakaraðila eru birt, þegar getið er málshöfðana og dómsúrslita í undirrétti.

22. gr.

Hæstaréttardómar skulu birtir, annaðhvort í heilu lagi eða þeirra getið í meira og minna ítarlegum útdrætti eftir því, hversu mál eru mikilsverð. Við birtingu hæstaréttardóma skal getið undirréttardóma eftir því, sem þurfa þykir, hafi þeir ekki verið áður birtir.

Í minni háttar málum eins og víxla- og skuldamálum einstakra manna, er heimilt að geta aðeins málstilefnis og niðurstöðu dóms.

23. gr.

Við birtingu dóma í barnsfaðernismálum, sífjaspellamálum, öðrum málum út af siðferðisafbrotum, minni háttar þjófnaðarmálum og öðrum minni háttar afbrotamálum, sem fáir eru við riðnir og eigi varða almenningsheill, er heimilt að fella niður nöfn aðila eða jafnvel fella með öllu niður birtingu slíkra dóma.

24. gr.

Við útdrátt úr dómum skal jafnan leggja áherslu á þau málsatriði, sem þykja hafa alment gildi til fræðslu um réttarfar og almenna reglu eða alment öryggi.

Heimilt er, við útdrátt úr dómum, að milda orðalag í dómsforsendum um sakborninga og aðra einstaka menn.



Reglur um frétttaflutning Ríkisútvarpsins.

II. Kafli.

6. Um auglýsingaflutning.

25. gr.

Ríkisútvarpið tekur til flutnings í útvarpið auglýsingar og tilkynningar er varða almenning svo og talskeyti og orðsendingar til einstakra manna, eftir þeim reglum, sem um slíkar skeytasendingar gilda í hvert sinn.

26. gr.

Ekki mega í auglýsingum, tilkynningum eða talskeytum felast dulmæli, engar ádeilur, dylgjur eða getsakir um einstaka menn, stofnanir, stefnur eða flokka og ekki neinskonar íhlutun né frásagnir um þrætur eða stjórnmáladeilur.

27. gr.

Auglýsingar allar og tilkynningar, sem Ríkisútvarpið tekur að sér að flytja, eða leyfir öðrum að flytja, skulu vera háðar reglum, er settar eru eða settar kunna að verða til gæslu hlutleysis útvarpinu, samkvæmt 4. gr. útvarpslaganna.

28. gr.

Handrit öll að auglýsingum og tilkynningum skulu afhent á skrifstofu útvarpsins til ritskoðunar og kostnaðarmats í síðasta lagi tveim klukkustundum áður en þau eiga að birtast. Frá þessu getur þó orðið veitt undanþága, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Skilt er útvarpinu, sé þess krafist, að tilkynna hlutaðeigandi auglýsanda þær breytingar á efni eða orðalagi, er það kynni að telja nauðsynlegt að gera, samkvæmt 26. og 27. greinir í reglum þessum.

29. gr.

Heimilt er útvarpinu að leigja auglýsendum afnot af útvarpsstöðinni, samkvæmt samningi, er þar um yrði gerður í hvert sinn. Fer þá um ritskoðun og eftirlit með útvarpsefni samkvæmt því, er segir í 25-28. gr. Þeir sem þannig taka stöðina á leigu, eru háðir reglum þeim, sem settar eru og settar kunna að verða um flutning útvarpsefnis, enda ber þeim að haga efni, formi og flutningi útvarpsefnis þannig, að sem fjölbreytilegast, áheyrilegast og skemtilegast verði fyrir útvarps-  
hlustendur.



Reglur um fréttáflutning Ríkisútvarpsins.

30. gr.

Ríkisútvarpið tekur gjald fyrir afnot stöðvarinnar og fyrir birtingu auglýsinga og tilkynninga samkvæmt gjaldskrá, er útvarpsstjóri setur. Gjaldið skal ávalt greiddast fyrir fram, nema öðruvísi sé um samið.

31. gr.

Nú takast samningar við auglýsanda um afnot stöðvarinnar samkv. 29. gr. Er þá auglýsanda heimilt að ráða sjálfur útvarpsefni innan þeirra takmarka, sem sett eru í reglum þessum. Ber honum að kosta það að öllu leyti. Skytt er auglýsanda að afhenda á skrifstofu útvarpsins handrit að útvarpsefni sínu og auglýsingadagskrá sólarhring áður en hún á að birtast. Verða þá handritin athuguð samkvæmt ákvæðum 23. gr. Jafnframt er auglýsanda skytt að tilgreina nafn þess manns, sem atlað er að flytja útvarpsefnið. Verði í nokkru brugðið út af handriti eða settum reglum um flutning útvarpsefnis, áskilur Ríkisútvarpið sér rétt, til þess að stöðva útvarpið fyrirvaralaust og að viðlagðri skaðabótargreiðslu, eftir nánari ákvæðum í samningi.

32. gr.

Heimilt er auglýsanda, sem gerir samning samkvæmt 29. gr., að fá auglýsta ókeypis í útvarpinu í sambandi við dagskrá útvarpsins tilhögun þá, er hann hygst að hafa á auglýsingadagskrá sinni.

33. gr.

Handrit öll að auglýsingum og tilkynningum, sem fluttar eru í útvarpið samkvæmt reglum, skulu vera eign útvarpsins.

34. gr.

Ríkisútvarpið ber ekki ábyrgð á þeim truflunum á útsendingu, er stafa af óviðráðanlegum orsökum eins og bilun stöðvartækjanna, rafmagnsskortu og þess háttar. Hinsvegar ber auglýsanda réttur til þess að endurtaka eða fá endurtekið það, sem fallið hefir niður meðan á trufluninni stóð.

Reykjavík 17. okt. 1934

Stjórnstofa útvarpsins

Jens Jónsson



V i t n i s b u r ð u r

Sigurðar Flateyjarklerks

um Jónas Þorbergsson.

Sigurður Flateyjarklerkur virðist eiga jafnvel enn færri for-  
mælendur en Jónas Þorbergsson í nýjustu launráðum þeirra kumpána  
gegn hlutleysi útvarpsins. Fyrst þagði Alþýðublaðið lengi vel um  
~~gegn hlutleysi útvarpsins~~ þetta mál, en loks fjekk þó Sigurður  
~~mál, hefur Sigurður þó ófen~~ að skrifa einskonar varnargrein fyrir  
~~fyrir sig í Alþbl. á föstu~~ sig í blaðið. Rekur hann þar upptök  
~~ins og segir meðal annars~~ málsins og segir meðal annars (sjá Alþbl.  
19. júlí):

"Morgunblaðið fór tiltölulega hógværlega af stað með þetta á  
sunnudaginn í smáklausu, sem aðalritstjóri blaðsins, Valtýr Stefáns-  
son, skrifaði. Enda á hann sæti í útvarpsráði, og er því vel kunnugt  
um þetta mál."

Til frekara sannindamerkis um það, að Mbl. hafi í þetta sinn  
ekki hallað mjög rjettu máli, ~~hefur~~ hefir Sigurður það eftir Val-  
tý "að hann hefir sagt, að hann (þ.e. Valtýr) hefði ekkert út á  
frjettaflutning Sigurðar Einarssonar að setja."

En í smáklausunni í Morgunblaðinu stendur þetta:

".... En útvarpsnotendur mega eiga von á slíkum yfiringangi og  
óskammfeilni, meðan siðlaus og óstarfhæfur broðháfur, eins og  
Jónas Þorbergsson, veitir þessari merku menningarstofnun forstöðu."

Nú segir Sigurður klerkur í Alþýðublaðinu, að þetta sje til-  
tölulega hógvær, eða með öðrum orðum fremur sanngjarn dómur um  
Jónas Þorbergsson, húsbónga sinn, og skrifaður af manni, sem vel  
þekki til. Og þekkir þó Sigurður enn betur til Jónasar Þorbergssonar  
og starfsemi hans ~~stærst~~ <sup>margvíslegrar</sup> í útvarpinu heldur en Valtýr.

Ekki mun ~~hinn~~ Flateyjarklerkur/<sup>inn</sup> hafa alt af borið með-  
bræðrum sínum vel söguna, síst kanske þeim, sem gott áttu skilið af  
honum. En þetta er þó líklega versta prestvottorðið, sem hann hefir  
gefið nokkrum manni, og mun Jónas Þorbergsson hafa búist við öðru  
af honum, enda mátt það.